

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 104/1993.

Herluf Clausen

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 6. janúar 1993. Í þinghaldi 17. febrúar 1993 var eftirfarandi bókað: „Af hálfu stefnanda sækir þing Sif Konráðsdóttir hdl. v/Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl. Dómari lagði þá fram sem dskj. nr. 33 afrit af símbréfi sínu til lögmanns stefnda vegna þinghalds þessa. Ekki er talin þörf á endurflutningi málsins, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Í málinu var kveðinn upp svofelldur dómur: . . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er sex vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Lögmaður áfrýjanda var þá ekki viðstaddur. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
